Kópavogsbær

Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

Til bæjarstjóra

Kópavogi, 25. maí 2023
2008519/511.10 ÁAK

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

Efni: Svar við fyrirspurn bæjarfulltrúa Helgu Jónsdóttur, Sigurbjargar Erlu Egilsdóttur og Bergljótar Kristinsdóttur í tengslum við afgreiðslu samkomulags milli Hjálparsveita skáta í Kópavogi og Kópavogsbæjar.

Á fundi bæjarráðs þann 25. maí var frestað umfjöllun og atkvæðagreiðslu um drög að samkomulagi við Hjálparsveit skáta í Kópavogi um framlag Kópavogsbæjar til uppbyggingar framtíðar aðstöðu þeirra í Tónahvarfi 8 og yfirtöku Kópavogsbæjar á fasteignum og lóðum sveitarinnar við Bakkabraut 4 og Bryggjuvör 2.

Af hálfu bæjarfulltrúanna Helgu Jónasdóttur, Sigurbjargar Erlu Egilsdóttur og Bergljótar Kristinsdóttur var lögð fram eftirfarandi fyrirspurn til bæjarstjóra sem undirritaðri hefur verið falið að svara.

1. **Hvenær lóðaleigusamningar við HSSK renna út. Hvernig áformað er að ráðstafa þeim lóðarréttindum, sem bærinn hyggst leysa til sín?**

Lóðarleigusamningur um Bakkabraut 4 var gerður til 50 ára frá 1. janúar 1990 og samningurinn um Bryggjuvör 2 er til sama tíma, gerður 1. janúar 1994.

Samkvæmt nýsamþykktu deiliskipulagi er gert ráð fyrir fjölbýlishúsum, alls 21 íbúð, á þessum lóðum. Lóðunum hefur ekki verið úthlutað og ekki verið tekin ákvörðun um með hvaða hætti þeim verði úthlutað, sú ákvörðun er í höndum bæjarráðs. Bæjarráð annast afgreiðslu allra umsókna um byggingarrétt og gerir tillögu til bæjarstjórnar um úthlutun.

2. **Heildarkostnað Kópavogsbæjar þ.m.t. áætlaðan kostnað af lántöku miðað við þau lánakjör sem nú bjóðast á markaði. Hvaða áhrif væntanleg lántaka hefur á skuldaviðmið og fjármögnun grunninnviða og uppbyggingu þjónustustofnana Kópvogsbæjar.**

Í fjárhagsáætlun fyrir árið 2023 er gert ráð fyrir 250 m.kr. framlagi árið 2023 og 340 m.kr. framlagi árið 2024. Í lánsáætlun er því gert ráð fyrir samningnum við HSSK að stærstum hluta. Á móti framlagi Kópavogsbæjar koma tekjur í formi lóðar- og byggingaréttargjalds vegna endurúthlutunar lóðanna.

bsi. ISO 9001:2015 Quality Management

Kópavogsbær

Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

Öll lántaka hefur áhrif á skuldaviðmið en of snemmt er að segja hvað áhrif þessi tiltekna lántaka hefur á skuldaviðmið bæjarsjóðs og fjármögnun annarra verkefna. Slíkt ræðst af mörgum öðrum þáttum í rekstrinum.

Þeir vextir sem sveitarfélaginu bjóðast í dag eru á bilinu 3,20%-3,30% en óvíst er hvaða hvaða vextir bjóðast þegar kemur að lántöku vegna fjármögnun framkvæmda Kópavogsbæjar árið 2024.

3. **Hvort kolefnisáhrif niðurrifs steinbygginga á lóðinni hafi verið metin. Ef svo er ekki, hvenær á að meta þau og setja fram áætlun um hvernig lágmarka megi neikvæð loftslagsáhrif.**

Umhverfisvið hefur ekki metið kolefnisáhrif niðurrifs en það verður gert í tengslum við umsókn um niðurrif þegar slík umsókn berst og er tekin til meðferðar. Eðlilegt er að gera kröfu til að sá aðili sem framkvæmir niðurrif hafi umhverfissjónarmið að leiðarljósi.

Virðingarfyllst,

Ása A Kristjánsdóttir
bæjarlögmaður

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026